



SÆTVÍN OG  
SÚKKULAÐI



UPPTAKARINN  
SKIPTIR MÁLI



KRYDDAÐUR  
SAMHLJÓMUR

# Afgreiðslutími

## VÍNBUÐA



Sjá upplýsingar um afgreiðslutíma á baksíðu

Höfuðborgarsvæðið		mán-fim.	fös.	lau.	sími	teg	heimilisfang
Austurstræti		11-18	11-19	11-18	562-6511	500	Austurstræti 10a, 101 Rvk
Dalvegur		<b>09-20</b>	<b>09-20</b>	11-18	564-5070	500	Dalvegi 2, 201 Kóp
Eiðistorg		11-18	11-19	11-18	561-1800	1000	Eiðistorgi 13, 170 Seltj.
Garðabær		11-18	11-19	11-18	555-6525	500	Garðatorgi 7, 210 Garðab
Hafnarfjörður		11-18	11-19	11-18	565-2222	1000	Fjarðargötu 13-15, 220 Hafn
Heiðrún		11-18	11-19	11-18	560-7720	ALLT	Stuðlahálsi 2, 110 Rvk
Kringlan		11-18	11-19	11-18	568-9060	ALLT	Kringlunni 8-12, 103 Rvk
Mosfellsbær		11-18	11-19	11-18	586-8150	500	Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ
Skeifan		<b>09-20</b>	<b>09-20</b>	11-18	588-3100	500	Skeifunni 5, 108 Rvk
Smáralind		11-18	11-19	11-18	544-2112	1000	Hagasmára 1, 201 Kóp
Spöngin		11-18	11-19	11-18	586-1617	500	Spönginni 29, 112 Rvk
Stekkjarbakki		11-18	11-19	11-18	567-0400	500	Stekkjarbakka 6, 109 Rvk
<b>Landsbyggðin</b>		<b>mán-fim.</b>	<b>fös.</b>	<b>lau.</b>	<b>sími</b>	<b>teg</b>	<b>heimilisfang</b>
Akureyri		11-18	11-19	11-16	462-1655	1000	Hólabraut 16, 600 Akureyri
Akranes	Sumar	11-18	11-19	11-16	431-2933	300	Þjóðbraut 13, 300 Akranes
	Vetur	12.30-18	11-19	11-14			
Blönduós		14-18	14-19	lokað	452-4501	200	Aðalgötu 8, 540 Blönduós
Borgarnes	Sumar	11-18	11-19	11-16	431-3858	300	Borgarbraut 58-60, 310 Borgarnes
	Vetur	11-18	11-19	11-14			
Búðardalur		17-18	16-18	lokað	434-1303	100	Vesturbraut 15, 370 Búðardalur
Dalvík	Sumar	11-18	11-19	11-14	466-3430	200	Hafnarbraut 7, 620 Dalvík
	Vetur	13-18	11-19	lokað			
Djúpivogur		17-18	16-18	lokað	478-8270	100	Búlandi 1, 765 Djúpivogur
Egilsstaðir	Sumar	11-18	11-19	11-14	471-2151	300	Miðvangi 2-4, 700 Egilsstaðir
	Vetur	12.30-18	11-19	11-14			
Fáskrúðsfjörður		17-18	16-18	lokað	475-1530	100	Búðavegi 35, 750 Fáskrúðsfjörður
Grindavík		14-18	14-18	lokað	426-8787	200	Vikurbraut 62, 240 Grindavík
Grundarfjörður		17-18	16-18	lokað	438-6994	100	Hrannarstig 3, 350 Grundarfjörður
Hella		14-18	14-19	lokað	585 7587	200	Suðurlandsvegi 1, 850 Hella
Hólmavík		17-18	16-18	lokað	455-3110	100	Höfðatúni 4, 510 Hólmavík
Húsavík		14-18	14-19	lokað	464-2230	200	Garðarsbraut 21, 640 Húsavík
Hvammstangi		17-18	16-18	lokað	455-2321	100	Höfðabraut 6, 530 Hvammstangi
Hveragerði		14-18	14-19	11-16	483-4242	200	Breiðumörk 1, 810 Hveragerði
Hvolsvöllur	Sumar	11-18	11-19	11-16	487-7797	200	Austurvegi 3, 860 Hvolsvöllur
	Vetur	(mán-mið) 16-18 (fim) 14-18	14-19	11-14			
Höfn		14-18	14-19	lokað	478-1977	200	Vesturbraut 1, 780 Höfn í Hornafirði
Ísafjörður	Sumar	11-18	11-19	11-14	456-3455	300	Aðalstræti 20, 400 Ísafjörður
	Vetur	12:30-18	11-19	11-14			
Keflavík		11-18	11-19	11-16	421-5699	500	Hafnargötu 51, 230 Reykjanesbær
Kirkjubæjarklaustur		17-18	16-18	lokað	487-4628	100	Skaftárskála
Neskaupstaður		14-18	14-18	lokað	477-1890	200	Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstaður
Ólafsvík		14-18	14-18	lokað	436-1226	200	Mýrarholti 12, 355 Ólafsvík
Patreksfjörður	Sumar	14-18	14-19	lokað	456-1177	200	Þórgötu 10, 450 Patreksfjörður
	Vetur	14-18	14-18:30	lokað			
Reyðarfjörður		14-18	14-19	11-14	474-1406	200	Hafnargötu 2, 730 Reyðarfjörður
Sauðárkrókur	Sumar	11-18	11-19	11-14	453-5990	300	Smáragrund 2, 550 Sauðárkrókur
	Vetur	12:30-18	11-19	11-14			
Selfoss		11-18	11-19	11-16	482-2011	500	Vallholti 19, 800 Selfoss
Seyðisfjörður		17-18	16-18	lokað	472-1700	100	Hafnargötu 2a, 710 Seyðisfjörður
Siglufjörður		14-18	14-19	lokað	467-1262	200	Eyrargötu 25, 580 Siglufjörður
Stykkishólmur	Sumar	14-18	14-19	11-14	430-1414	200	Aðalgötu 24, 340 Stykkishólmur
	Vetur	14-18	14-19	lokað			
Vestmannaeyjar	Sumar	11-18	11-19	11-14	481-1301	300	Strandvegi 50, 900 Vestmannaeyjar
	Vetur	12:30-18	11-19	11-14			
Vík í Mýrdal	Sumar	17-18	16-19	lokað	487-5730	100	Austurvegi 18, 870 Vík
	Vetur	17-18	16-18	lokað			
Vopnafjörður		17-18	16-18	lokað	473-1403	100	Hafnarbyggð 4, 690 Vopnafjörður
Þorlákshöfn		17-18	16-18	lokað	483-3585	100	Selvogsbraut 4, 815 Þorlákshöfn
Þórshöfn		17-18	16-18	lokað	468-1106	100	Langanesvegi 2, 680 Þórshöfn

Sumar: júní – ágúst / Vetur: sept – maí

# EFNISYFIRLIT

Ný hönnun – nýtt skipulag vínbúða	2
Sætvín og súkkulaði	3
Upptakarinn skiptir máli	4–5
Heimahristingur	6
Eru skróftappar framtíðin?	7
Sósugerð sem engan svíkur!	8
Kryddaður samhljómur	9
Bruchetta með tómötum	10
Pizza alla casa	11
Tirami su	12
Villisveppa Risotto	12
Er nú ekki fokið í flest skjól?	13
Fréttir úr vínbúðum	14–15

## Vöruskrá

• Rauðvín	18
• Hvítvín	40
• Sætvín	52
• Rósavín	53
• Freyðivín	54
• Líkjörvín	58
• Sterkt áfengi	64
• Brandí, armanac, cognac	64
• Brandí, hratbrandí	65
• Calvados, Eau-de-Vie, viskí	66
• Romm	67
• Tekíla, vodka, gin	68
• Sénever, akvavit, anís, snafs, kryddromm	69
• Skot, sake	70
• Annað áfengi undir 15%	71
• Bjór	72
• Kassavín	76
• Óáfengt	78
• Gjafavara	79
• Bjórkútar	80
• Viðurkennd lífræn vottun	81

Vörur í stafrófsröð	82
Matartákn	96

Vínblaðið, 1. tbl. 7. árg. mars 2008

Útgefandi: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, ÁTVR

Ábyrgðarmaður: Ívar J. Arndal

Ritstjórn: Gissur Kristinsson, Guðfinna Ásta Birgisdóttir,

Jóna Grétarsdóttir, Páll Sigurðsson,

Samantekt á vöruskrá: Skúli Þór Magnússon

Hönnun, umbrot og prentun: Oddi ehf. / P08.01.081

ISSN-1670-7532

Öll verð og verðbreytingar birtast í vörulista á heimasíðu ÁTVR, [www.vinbud.is](http://www.vinbud.is)  
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur. Áskilinn er réttur til leiðréttinga.



# Leiðarri

## NÝ HÖNNUN – nýtt skipulag vínbúða

Stefna ÁTVR er að byggja upp þjónustu með þarfir hinna ólíku viðskiptavina í huga. Þjónusta vínbúðanna grundvallast á hvatningu til að njóta áhugaverðrar tengingar matar og vína. Við viljum að viðskiptavinum þyki gaman að versla í vínbúðunum og líti á það sem fræðandi upplifun. Til viðbótar leggjum við metnað okkar í að vörurvalið í vínbúðunum sé framsækið og í samræmi við væntingar viðskiptavina.

Í könnunum hefur komið fram að tveir mikilvægustu þættirnir í ánægju viðskiptavina eru aðgengi að vörum og afgreiðslutími. Í júní síðastliðnum opnuðum við Vínbúðina í Skeifunni sem uppfyllir bæði þessi skilyrði. Gott aðgengi er að Vínbúðinni, mörg bílastæði og afgreiðslutíminn er til klukkan 20 alla virka daga. Viðtökur viðskiptavina hafa líka verið vonum framar og er Vínbúðin nú fjölsóttasta vínbúð landsins.

Allt frá því að bjórinn var leyfður árið 1989 hefur skipulag vínbúða miðast við að tæplega 80% af allri magnsölu vínbúðanna er bjór og hefur bjórinn ávallt verið miðpunktur vínbúðarinnar. Nú ætlum við hins vegar að breyta til. Ný hönnun miðast við að hafa allan bjór í stórum kæli sem er stúk-aður af frá vínbúðinni. Þessi hönnun gerir mikið fyrir vínbúðirnar. Vínin og áfengið verða aðskilin frá bjórnum, þannig að viðskiptavinir okkar geta skoðað úrvalið í meira næði.

Við vonum að þetta nýja fyrirkomulag verði til hagsbóta fyrir viðskiptavinum okkar og við ætlum að breyta fleiri vínbúðum á árinu með samskonar fyrirkomulagi, meðal annars Heiðrúnu og nýjum vínbúðum í Reykjanesbæ og Borgatúni.

Það er von okkar að þetta nýja skipulag auki ánægju þína, ágæti viðskiptavinnur, þegar þú heimsækir vínbúðirnar.

**Einar Snorri Einarsson**  
framkvæmdastjóri  
sölu- og þjónustusviðs

# SÆTVÍN OG SÚKKULAÐI

**Vin Santo** frá Ítalíu og **Vin de Paille** frá Frakklandi eru vín gerð úr þurrkuðum þrúgum. Þessi vín einkennast oft af rúsínutönnum, karamellu, þurrkuðum ávöxtum og eikarkeimi. Með þessum vínnum væri ég alveg til í að fá mér súkkulaði með hnetum og rúsínum eða jafnvel hvítt súkkulaði.

**Moscato d'Asti** eru lágfreyðandi sæt hvítvín frá Piemonte á Ítalíu, þessi vín hafa lágt alkóhól, ferskan vínberja og ávaxtakeim. Lágt alkóhólið er aðall þessara vína sem hreinlega kalla fram vor í hugann, þegar léttar gosbólurnar kitla góminn. Ég hef ekki enn fundið súkkulaði sem passar ekki með Moscato.

Það er einnig kostur við sætvínin að undanskildu Moscatóinu, að það er hægt að geyma þau nokkuð lengi í kæli, eftir að þau hafa verið opnuð, þau tapa sáralitlu þótt þau séu vikugömul eða jafnvel eldri. Það þarf því ekki endilega að klára flöskuna strax. Og er svo ekki bara skemmtilegt að sjá eitthvað sætt þegar maður opnar ísskápin?

**Páll Sigurðsson**  
vínráðgjafi

Nú fer í hönd sá tími sem við Íslendingar innbyrðum hvað mest súkkulaði, oft í formi páskaeggja, en einnig slæðast þó stöku konfektmolar og gæða súkkulaðibitar með.

Fyrir kemur að ég er beðinn um aðstoð við að velja vín með súkkulaði og ósjaldan er óskað eftir rauðvíni. Ég hef vissulega bragðað rauðvín sem virkaði vel með súkkulaði, en oftar hef ég þó orðið fyrir vonbrigðum. Aftur á móti hef ég upplifað ánægjulegar bragðlaukagælustundir með hvítum sætvínnum og súkkulaði. Sætan í víninu getur tekist á við sætuna í súkkulaðinu og ekki eru tannín til staðar sem þvælast fyrir og gera manni lífið leitt. Hér eru nokkur vín sem að mínu mati renna ljúft niður með súkkulaði; þetta er aðeins brot af því úrvali sem til er í vínbúðunum en vínráðgjafar vínbúðanna geta að sjálfsögðu aðstoðað ykkur ef þið hafið áhuga á að kynna hinum mjúku, ljúfu og sætu hliðum sælkerahimsins.

**Sauternes** eru eflaust frægustu sætvínin, þau koma frá samnefndu héraði í Bordeaux, Frakklandi. Vínin sem eru dísæt, ilma af hunangi, apríkósum og þurrkuðum ávöxtum, renna ljúft niður með súkkulaðibitum og ekki síður heitri súkkulaðiköku.

**Tokaji Aszú** eru konungleg vín frá Ungverjalandi, dísæt, með ferska sýru, apríkósur, ferskjur og sveppatóna. Með þessu víninu væri gott að fá sér súkkulaði fondú og dýfa jarðarberjum í, eða súkkulaðiköku með skógarberjasósu.



# UPPTAKARINN SKIPTIR MÁLI

Það er líkt og með öll venjuleg verkefni sem við þurfum að leysa að þess betri áhöld sem við höfum til verksins þess betur gengur að leysa það. Þetta gildir að sjálf-sögðu líka um upptakara. Við þurfum að nota réttu tegundina til þess að opna vín-flösku. Mikilvægi þess að eiga góðan upp-takara hefur þó verið að minnka undanfarin ár þar sem að sífellt fleiri framleiðendur hafa verið að færa sig yfir í að nota skrúf-tappa á sína framleiðslu.

Gerð upptakara skiptir þó miklu máli þar sem við viljum getað náð korktappanum úr flöskunni án þess að mola hann allan í sundur. Korkagnir fljótandi í vínglasi eru ekki til þess fallnar að auka lyst fólks á drykknum. Það er því mikilvægt að hugsa aðeins um það hverskonar upptakara við notum til verksins. Margar góðar græjur hafa verið hannaðar til þess að leysa þetta verkefni og það var árið 1681 sem skráðar eru fyrstu heimildir um tilurð tappatogara, en það nafn festist ekki við áhaldið fyrr en árið 1720. Þetta nýja áhald var smækkuð eftirlíking á snigillaga verkfæri sem hafði verið hannað og notað til þess að losa púður úr byssuhlaupi.



Korktrekkjarar hafa verið framleiddir í ýmsum útgáfum allt frá því að þeir komu fyrst fram á sjónarsviðið. Það er þó einungis ein tegund sem ég vil sérstaklega vara við, en það er tegundin þar sem að skrúfgangur hefur verið steypdur utaná massífan stál-kjarna líkt og á meðfylgjandi mynd. Þetta er sem sagt verkfæri sem ekki er nógu gott til þess að ná korktappa úr flöskuhálsi. Þessi tegund af korktrekkjurum er mjög algeng og þá sérstaklega í þessum flottu sem eru með haldföng (svokölluð eyru) sem þrýsta á niður til þess að draga tappann upp.



Auðvitað hafa menn framleitt algerar súpergræjur til þess að ná korktappa úr flösku og allt upp í græjur sem eru líkt og þessar.

En það er ekki endilega flóknasta, dýrasta og flottasta græjan sem er best í að opna vínflöskuna. Aðalatriðið er að gormur tappatogarans dreifist sem víðast um sjálfan tappann til þess að ná sem bestu átaki. Sem sagt, við að opna góða flösku af víni þarf enga töfra, heldur bara einfaldlega réttu áhöldin.

Aðalmálið er að nota korktrekkjara sem er framleiddur eins og gormur með engan heilan kjarna í miðjunni líkt og á þessari mynd sem fylgir hér.



Til eru verkfæri sem atvinnumenn nota og það eru auðvitað þær græjur sem auðveldast og ódýrast er að nota, líkt og þessi upptakari hér.

**Gissur Kristinsson**  
vínráðgjafi

# HEIMA- HRISTINGUR

Það er alls ekki svo flókið að blanda góðan og girnilegan kokteil heima, þó ekki sé fullkominn bar til staðar. Það þarf til dæmis ekki nema eina áfengistegund til að gera frábæra og lystuga kokteila eins og Mojito, Daquiri og Jarðarberja Daquiri. Það er því ekki lífsnauðsynlegt að eiga fjöldann allan af líkjörum og sterku áfengi til þess að geta boðið gestum upp á fjölbreytt og skemmtilegt úrval drykkja í samkvæmum.

Til þess að kokteillinn heppnist vel er nauðsynlegt að mæla rétt það sem á að fara í hann og er því mikilvægt að hafa sjússamæli, en einnig má notast við skotglas, staup eða jafnvel eggjabikar. Svo þarf að sjálfsgöðu eitthvað til að blanda í, kokteillhristara og/eða rafmagnsblandara (mixer). Ef hvorugt er fyrir hendi má notast við niðursuðukrúkkur með þéttu loki til að hrista kokteila. Svo þarf nokkra hluti sem finna má í áhaldaskúffunni í eldhúsinu, eins og t.d. skurðarbretti, hnif til að skera niður ávexti, sítrónupressu, upptakara og tappatogara. Þá eru það glösin, það þarf ekki að eiga allar tegundir af glösum en gott er að hafa kokteíglös eða svokölluð Martiníglös, hvítvíns eða rauðvínsglös, long drinkglös og viskíglös, því drykkirnir líta betur út í glösum sem henta þeim vel.

Þegar áfengi er borið fram hugar ábyrgur gestgjafi ávallt að því að bera fram eitthvert snarl fyrir gestina sína svo allir njóti kvöldsins sem best.

Hér eru svo uppskriftirnar af fyrrnefndum kokteílum. Hráefnin sem þarf í þessa drykki eru: Romm, sítrónur, lime, jarðarber, hrásykur, flórsykur og sódatvatn fyrir þá sem það vilja.



## Mojito

3 cl ljóst romm

2 tsk. hrásykur

½ lime

10 mintulauf

Sódatvatn (ef vill)

Mintulauf og lime skorið niður í báta, kreist og kramið saman í glas, notast má við endann á tréisleif. Rommi, sykri og klaka bætt út í og hrært vel saman. Fyllt upp með sódatvatni eftir smekk.



## Daquiri

4 cl romm

2 cl lime- eða sítrónusafi

1 tsk. flórsykur

Hrist með klaka

**Skreyting:** Vætið glasbarminn með sítrónusneið og dýfið glasinu síðan í sykri, til að fá ísingu á glasið. Skreytið síðan með jarðarberi eða sítrónusneið.



## Jarðarberja Daquiri

4 cl romm

Safi úr ½ sítrónu

1–2 tsk. flórsykur

4 jarðarber

Setjið 2–3 ísmola og allt hráefnið í mixer og blandið vel. Hellið í stórt kokteílglas.



# ERU SKRÚFTAPPAR FRAMTÍÐIN?

Umræðan um hvað verði um korktappann í framtíðinni hefur verið ótrúlega sterk undanfarin ár, en allir sem hafa fylgst vel með vöruvali vínbúðanna undanfarin ár, hafa veitt því athygli að vínnum með skrúftappa fjölgar stöðugt.

Portúgalir hafa verið stærstir í framleiðslu á korktöppum og eru þeir gersamlega niðurbrottnir yfir þessari miklu umræðu um ágæti skrúftappans. Svo alvarlegt er þetta fyrir Portúgala að samtök korktappaframleiðenda þar lögðu af stað í gríðarlega herferð til varnar korktappanum. Það var einkar áhugavert að sjá þegar herferðin hófst hvern framleiðendurnir höfðu valið sem andlit herferðarinnar til varnar korkinum. Það var að þeirra mati þekktasti Portúgalinn í dag, enginn annar en knattspyrnuþjálfarinn heimsfrægi Jose Mourinho fyrrum þjálfari stórlíðs Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.

Það verður áhugavert að sjá hver þróunin verður í þessari keppni um hvert sé besta efnið til að loka vínflöskunni í framtíðinni. Í dag er staðan sú að það eru helst þrjár tegundir tappa sem hafa náð fótfestu á markaðinum. Þetta eru að sjálfsgöðu korktapparnir sem enn eiga langsamlega stærsta hluta markaðarins. Þar á eftir í röðinni eru nú skrúftapparnir og síðastir í röðinni koma svo plasttapparnir.

Það er skrúftappinn sem ógnar helst korkinum í dag. Í fararbroddi í notkun á skrúftappanum eru tvær þjóðir, andfætlingar okkar í Ástralíu og á Nýja-Sjálandi. Fyrstir til að fara af stað með skrúftappann að einhverju ráði og sem framtíðarlausn í lokun flöskunnar voru Nýsjálandingar. Þetta kom til af því að einn af stærstu framleiðendum landsins varð fyrir því eitt árið að fá í hendurnar korktappa sem ekki höfðu verið dauðhreinsaðir, þannig að í þeim var baktaría sem fór út í vínið og eyðilagði stóran hluta ársuppskerunnar. Þetta var líklega kornið sem fyllti mælinn. Framleiðandinn skipti alfarið yfir í skrúftappa.

Skrúftappinn hefur tekið gríðarlegum framförum sem lokun á flöskunni. Áður fyrr var það einn þunnur hringur sem hélt tappanum á flöskunni ásamt auðvitað klassískum skrúfganginum. Þetta er breytt í dag og nú eru menn með álplötu sem lítur út eins og málmhettan sem hefur hulið korktappann til þessa. Þessi nýja tegund af skrúftöppum hefur betra hald á tappanum sjálfum þannig að þetta er betri lokun en áður hafði þekkt í skrúftöppum. Nú er því notað mun meira ál í skrúftappann en áður og þá sjá auðvitað álrisarnir sér leik á borði og hvetja til aukinnar notkunar á skrúftappanum. Einn öflugasti framleiðandi áltappa í heiminum í dag er fyrirtæki sem kallast Stelvin og fyrir einhverjum mánuðum síðan var einmitt einn árlisinn að kaupa það fyrir-

tæki, en þar voru á ferð engir aðrir en Alcan sem rekur álverið í Straumsvík.

Ekki eru allir jafn ánægðir með þessa nýjung, skrúftappann. Framreiðslumenn, öðru nafni þjónar, eru ekki þar hrifnir af komu skrúftappans, enda má segja að athöfnin að opna vínflösku við borð gesta á veitingastað hafi að vissu leyti orðið að ómerkilegri athöfn gerðri í einu handtaki. Þjónar geta gert úr korktappanum ákveðna sýningu við borðið, sem verður ekki eins mikil athöfn þegar skrúfa þarf málm-tappa af flöskunni. Skrúftappinn mun því ganga af tapparóm-antikinni dauðri.

Svo er það einn hlutur enn sem umræðan hefur snúist um en það er að skrúftappinn sé of þéttur og hleypi ekki neinu súrefni inn á vínið. Það er þekkt staðreynd að korkurinn hleypir órlitlu súrefni inn á vínið á nokkurra ára tímabili og vínið þroskast því vel á slíki flösku. Gagnrýnendur skrúftappans benda hins vegar á að ekkert loft komist að víninu og að það taki því ekki út þann þroska sem gott vín gerir í gegnum korktappann. Enn aðrir vilja meina að skrúftappinn hleypi of miklu lofti inn á vínið og að það fái yfir sig oxideraðan keim.

Það er alveg morgunljóst að mjög skiptar skoðanir eru um hvaða efni hentar best til þess að loka vínflöskunni. Allt frá árinu 1676 hefur korkurinn verið það efni sem best hefur þótt til þess að loka flöskunni. Síðasta áratuginn höfum við séð þetta vera að breytast og trú nútíma víngerðarmanna er gríðarleg á skrúftappanum. Það verður því forvitnilegt að fylgjast með þróun hans á komandi árum.

**Gissur Kristinsson  
vínráðgjafi**



# SÓSUGERÐ SEM ENGAN SVÍKUR!

Mörgum finnst smá vindreitill sjálfsagður hluti af góðri sósugerð. Hversu margir velta þó vöngum yfir því hvaða vín þeir nota í sósuna sína? Alltof oft notar fólk síðustu dropana frá síðustu viku eða ódýrasta vínið sem fannst í vínbúðunum. Þetta er merkilegt í ljósi þess að fæstir myndu nota illa farið og ólustugt rósmarín í uppáhalds sósuna sína, hvað þá skipta henni út fyrir þá kryddjurt sem ódýrast fæst þann daginn. Að sjálfsögðu er best að vanda valið á víninu í sósuna þar sem það er jú einn aðal bragðgjafinn í mörgum sósum.

Hér eru nokkur góð ráð um notkun vína í sósur fyrir áhugamenn um matargerð:

1. Ekki elda með víni sem þú myndir ekki drekka. Oxað vín (t.d. vín sem hefur staðið opið í tvær vikur á eldhúsbörðinu) skánar ekkert í sósu.
2. Best er að nota létt vín eins og Pinot Grigio frá Norður-Ítalíu þegar útbúa á léttar sósur og að sama skapi þung vín eins og Cabernet Sauvignon fyrir þær bragðmeiri.
3. Bragð verður ávallt sterkara þegar vínið er soðið niður.
4. Fyrir þungar og feitar sósur henta sýrurik vín eins og Sauvignon Blanc afar vel, og einnig má notast við óeikað Chardonnay.
5. Heppilegast er að nota sama vínið í sósuna og borið verður fram með matnum. Þannig er öruggt að vínið og maturinn falla fullkomlega hvort að öðru. Ef vínið er í dýrari kantinum er hægt að nota ódýrara vín í sósuna og setja smá lögg af dýrara víninu í lokin til að tengingin náist.



# KRYDDAÐUR SAMHLJÓMUR

– rauðvínin með lambinu

Íslenska lambakjötið hefur umfram annað kjöt einstaka eiginleika til að samsvara sér vel með víni. Það er ekki bara að lambakjötið falli vel að víninu heldur virðist það oft draga fram það besta í víninu og er það eflaust ástæðan fyrir því að margir vínframleiðendur kjósa oft að bera fram villikryddaða lambasteik með rauðvíninu sínu, til að undirstrika bragð og ilmeiginleika vínsins, þegar þeir eru að kynna framleiðslu sína. Fitin í lambakjötinu gerir það einstaklega vinvænt og ekki spillir fyrir að lambið hefur verið að leika sér uppi á fjöllum yfir sumarið og nærst á lyngi og kryddjurtum sem gerir íslenska lambið að þeirri gæðavöru sem það er.

Með villikrydduðum lambahrygg eru rauðvín frá Rioja og Ribera del Duero tilvalin, kryddin í víninu stilla sér upp á móti kryddaða lambinu og úr verður flottur samhljómur.

Með gamla, góða klassíska lambalærinu væri ég til í að bregða mér til Bordeaux en rauðvínin þaðan eru í einstaklega góðum félagsskap með góðu læri. Í Bordeauxvínnum má oft finna keim af heiðarjurtum, lyngi, villisveppum, skógarbotni og eik.

Langtímaeldaðir lambaskankar eru bragðmiklir og má því velja nokkuð öflugt vín með þeim. Vín úr Cabernet Sauvignon eiga sterkan leik hér og mætti benda á vín frá t.d. Chile og jafnvel Ástralíu.


Pottréttir úr lambakjöti falla vel að vínnum frá Cotes du Rhone eða Suður-Frakklandi.

Nú ef einhver er búinn að finna grillið eftir veturinn, þá henta vín frá nýja heiminum vel með grilluðu lambakjöti, þar er það sætkenndur ávöxtur og eikartónar sem undirstrika grillbragðið. Cabernet Sauvignon, blöndur úr Cabernet og Merlot eða Shiraz og Cabernet virka vel.

Möguleikarnir í vínvalinu eru óteljandi og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, sem getur þessvegna verið eitthvað allt annað en ég hef tekið til hér.

Ef þið eruð með gesti í mat, þá gæti verið skemmtilegt að bjóða upp á tvenns konar vín með lambinu, eitt frá gamla heiminum og annað frá þeim nýja, þá er hægt að bera vínin saman og síðan má ræða um hvað hverjum finnst passa betur, en í þeim málum hafa reyndar allir rétt fyrir sér.

**Páll Sigurðsson**  
vínráðgjafi



# BRUSCHETTA MEÐ TÓMÖTUM

20–30 stk.

1 stórt snittubrauð

1 hvítlausrif

4–5 msk. ólífuolía

3–4 tómatar

1 miðlungsstór rauðlaukur

1 búnt basilikum

2 msk. ólífuolía

salt og ferskmalaður pipar eftir smekk

litlar mozzarellakúllur til skrauts

1. Hitið ofninn í 200 gráður
2. Skerið brauðið í u.þ.b. 1½ sm þykkar sneiðar
3. Flysjið hvítlausrifið og skerið í tvennt.
4. Nuddið brauðsneiðarnar með hvítlaushelmingunum.
5. Hitið olíuna á pönnu og steikið brauðsneiðarnar í henni þar til þær eru léttbrúnaðar.
6. Saxið tómatana og rauðlaukinn, setjið í skál.
7. Saxið basillaufin og setjið saman við tómatana
8. Bætið 2 msk. af olíu út í tómatblönduna og hrærið varlega.
9. Setjið u.þ.b. eina matskeið af tómatmauki á hverja brauðsneið, ½ mozzarellakúlu og basillauf. Kryddið með salti og pipar og berið fram.



# PIZZA ALLA CASA

1 grunnpizza f. 1–2  
20 g ferskt pressuger eða 1 msk. þurrger  
½ tsk. sykur  
1½ dl volgt vatn  
3½ dl hveiti  
½ tsk. salt  
2–3 msk. ólífuolía  
maismjöl eða hveiti á borðplötuna

1½ dl tómatsósa  
200 g rifinn mozzarellaostur  
4 msk. rifinn Parma ostur  
1–2 tsk. ítölsk kryddblanda (basilikum,  
tímían, hvítlauksduft, pipar)  
svartur pipar eftir smekk

1. Blandið saman gerinu og sykrinum í skál.
2. Hellið volgu vatninu saman við gerblönduna og hrærið þar til gerið er uppleyst.
3. Bætið hveitinu smátt og smátt út í vökvann og hrærið vel með sleif þar til deigið loðir vel saman og er orðið að kúlu í skálinni.
4. Hvolfið deiginu á borðplötu og hnoðið í 5 mínútur með höndunum.
5. Leggið deigið aftur í skálina. Leggið diskapurru yfir skálina og látið hana standa á hlýjum stað í klukkustund eða þar til deigið hefur lyft sér um helming.
6. Hitið ofninn í 225 gráður. Sláið deigið niður og hvolfið því á borðplötu. Stráið kornmjöli eða hveiti á borðið. Hnoðið deigið í kúlu og fletjið það síðan út í kringlóttu köku.
7. Leggið pizzubotninn á ofnplötu sem klædd hefur verið með bökunarpappír.
8. Smyrjið botninn með pizzasósu og setjið svo álegg að eigin vali yfir.  
Best er að baka þessar pizzur í litlu pizzaofnunum sem nú fást. Annars í venjulegum ofni við um 200 gráður.

## Hugmyndir að áleggi

1. Ostur og parmaskinka. Borið fram með klettsalati og kirsuberjatómötum. Setjið fyrst pizzasósuna, svo ostinn, parmaskinku og bakið. Setjið klettsalatið og tómatana yfir þegar pizzan kemur úr ofninum. Berið fram með stæl.
2. Mozzarella, plómutómatar og parmesan. Setjið pizzasósu á botninn, svo mozzarellasneiðar og þunnar sneiðar af ferskum plómutómötum. Rifinn parmesan fer yfir þegar pizzan kemur úr ofninum.
3. Parmaskinka og ætíþistlar. Setjið pizzasósu á botninn, sneiðar af mozzarella og ætíþistlum, bakið og setjið svo parmaskinku yfir þegar pizzan kemur úr ofninum.



## TIRAMI SU

Hér er einn þekktasti eftirréttur Ítalíu. Tírami su þýðir „taktu mig upp“. Veitingahús um alla Ítalíu eiga sína uppskrift af þessum dáða eftirrétti og eru því ýmsar útgáfur til af honum. Hér er ein einföld og syndsamlega góð.

4 egg  
1 bolli sykurl  
2 dósir mascarpone ostur (best að nota ítalskan) annars rjómaost ca. 400 g  
200 g kökufingur (lady fingers)  
2 bollar mjög sterkt kaffi (expresso eða venjulegt bætt með nescafé)  
2 msk. amaretto líkjör (má líka nota koníak eða romm).

Kakó til að sáldra yfir eða rífið dökkt súkkulaði

1. Stíffpeytið eggin í hrærivélarskál ásamt sykrunum þar til myndast þykk froða.
2. Blandið ostinum varlega út í eggjablönduna og þeytið svo saman litla stund
3. Veltið ladyfingers kökunum upp úr kaffiblöndunni og raðið með jöfnu millibili í form. Setjið helminginn af ostakreminu yfir og þekið kökurnar. Endurtakið þannig að þetta sé lagskipt kaka.
4. Sléttið yfirborðið og dreifið rífnu súkkulaði eða kakói yfir.
5. Látið standa í kæli í 3–4 tíma. Best að gera deginum áður.



## VILLISVEPPA RISOTTO

2–3 skalottlaukar  
½ dl jómfrúarolífuolía  
250 g risottogrnjón  
1 l kjúklinga- eða grænmetissoð  
1 msk. smjör  
Salt og pipar til smakk

Hitið olíuna í góðum potti og sviðið laukinn (má ekki brúnast). Hellið yfir hrísgrjónunum og hitið saman og hrærið stöðugt í ca.1 mín.

Hellið ¼ af heitu soðinu út í og látið malla þar til grjónin hafa tekið í sig soðið.

Bætið síðan bolla og bolla í einu af soðinu þar til grjónin eru orðin mjúk og hafa drukkið í sig allan vökvann, 15–18 mínútur.

### Villisveppirnir

Ef hægt er að verða sér úti um ferska villisveppi þá er það best.

100–200 g góðir sveppir td. portobello  
50 g þurrkaðir villisveppir, lagðir í bleyti (soðið sigtað frá)  
50 g smjör  
2 msk. olífuolía  
250 ml rjómi (má sleppa)  
100 g ferskur parmesan  
salt og pipar úr kvörn eftir smekk

### Aðferð:

Hitið olíu og smjör á góðri pönnu. Steikið sveppina þar til þeir eru fallega brúnaðir, hellið rjómanum út í og sjóðið um stund (rjómanum má sleppa en bætið þá við ca. 50 g af smjöri í restina) þar til rjóminn hefur þykknað örlítið. Bætið risottogrnjónunum saman við og hrærið í þar til allt hefur blandast vel saman. Hrærið rífnum parmesanostinum saman við að endingu og berið fram.

Skreytið með grófrífnum parmesanostinum og svörtum pipar.

Borðist eitt og sér með góðu brauði eða sem meðlæti með öðrum réttum.

Þessa grunnuppskrift er hægt að nota með ýmiss konar meðlæti svo sem sjávarréttum, kjúklingakjöti og ferskum grænum aspas.

# ER NÚ EKKI FOKIÐ Í FLEST SKJÓL?

Ég rakst á sérstaklega skemmtilega grein í síðasta tölublaði af Decanter, en hún var skrifuð af Denis Saverot ritstjóra La Revue du Vin de France. Þar er þessi ágæti ritstjóri að tala um allsérstakt mál er varðar greinaskrif Le Parisien, í desember síðastliðnum, um kampavín. Raunveruleg ástæða greinarinnar er sú að heilbrigðisfyrivöld í Frakklandi hafa kært dagblaðið fyrir þessa umfjöllun um kampavín, þar sem ekki voru viðeigandi varnaðarorð um hættu þess að neyta áfengis í óhófi í lok greinarinnar.

Ég skil mæta vel reiði þessa ágæta vín-áhugamanns er hann bendir á að nú sé fokið í flest skjól þegar helsta vínframleiðsluþjóð veraldar má ekki lengur fjalla um eina mikilvægustu útflutningsvöru landsins. Hvaða vara er það sem Frakkar eru frægastir fyrir að framleiða? Eru það ekki öll vínin? Franska þjóðin hefur verið þekkt sem sú þjóð er framleiðir mest magn af hágæða vínunum og það er mjög undarlegt að þessi ágæta framleiðsluvara þeirra, sem hið opinbera eyðir stórum fjárhæðum í að auglýsa á erlendum mörkuðum, er ekki lengur hæf til umfjöllunar innanlands.

Denis Saverot bendir á að heilbrigðisstéttirnar séu komnar á villigötur, þær hafi hreinlega ekki nokkurn rétt á því að berjast svo harkalega gegn 1000 ára langri víngerðarhefð. Ef Frakkar ætla að auglýsa og selja þessa framleiðslu landsins til annarra landa þá sé algert lágmark að fjölmiðlar heima við geti fjallað um vöruna, án þess að eiga á hættu að verða fyrir árásum landa sinna. Það er ekki laust við að ég geti verið sammála ritstjóranum um þetta.

En Denis bendir einnig á að lyfjaframleiðslu-fyrirtæki með allt sitt fjármagn eigi einnig þátt í þessum áróðri gegn allri vinneyslu. Sem gott dæmi um ófgar í vinneyslu Frakka þá talar hann um að árið 1960 hafi Frakkar drukkið um 100 lítra af borðvíni á mann. Árið 2008 er þessi tala komin niður í 45 lítra á mann. Á sama tíma hafi hinn geysisterki lyfjaiðnaður náð þeim merka áfanga að ná neyslu þunglyndislyfja úr engu upp í 60 milljónir boxa af slíkum lyfjum. Þetta gerir Frakka að stærstu neytendum þunglyndis-

lyfja í veröldinni. Væri nú ekki nær fyrir almenning í Frakklandi að fá sér eins og eitt eða tvö léttvínsglös og léttu aðeins á spennunni? Er ekki gott borðvín, sem neytt er af skynsemi og hófsemi, enn betri kostur til að vinna gegn stressi og þunglyndi þjóða? Eða er lyfjaiðnaðurinn alveg til í að leggjast gegn vinneyslu með offorsi til þess eins að ná að selja fleiri pakkningar af Prosac eða einhverju öðru þunglyndislyfi?

Að lokum langar mig að taka hér upp síðasta punktinn í grein Denis Saverot, en það er umræða hans um alkóhólisma í Frakklandi. Hann bendir réttilega á að áfengi leiði til alkóhólisma hjá þeim sem ekki geta umgengist áfenga drykki af skynsemi. Það er þó ein afar áhugaverð staðreynd varðandi alkóhólismann í Frakklandi og hún er sú að þeir tveir hlutar Frakklands sem helst eru þjakaðir af áfengissýki eru þau landsvæði þar sem enga víngerð er að finna. Hvað segir það okkur? Er ekki staðreyndin sú að þeir sem alast upp við vín drykkju sem hluta ef menningu landsins, drekka ekki vín til þess eins að fara á fylleri eða detta í það. Á víngerðarsvæðunum er miklu frekar lítið á borðvín sem drykk sem notaður er til þess að gera máltíðina að meiri upplifun en ella.

Denis endar á því að benda á að nágrennar Frakka á Spáni hafi tekið öðruvísi á málum og þeir hafi viðurkennt vín sem hluta af menningararfi landsins og hafi því notið þeirrar gæfu að ráðast ekki gegn þessum mikilvæga atvinnuvegi. Hann segir hreinlega Frakka hafa snúið baki við einni mikilvægustu menningar- og framleiðsluvöru þjóðarinnar.

Grein Denis Saverot var sérstaklega áhugaverð þar sem hann talar beint frá hjartanu um mál sem hann þekkir mjög vel til. Ósjálfrátt fór ég að hugsa um það hvað myndi gerast ef fjölmiðlum á Íslandi yrði bannað að fjalla um ákveðnar fisktegundir eða fiskveiðar almennt.

**Gissur Kristinnsson**  
vínráðgjafi





## Kælir stækkaður í Vínbúðinni Skeifunni

Vínbúðin Skeifunni tók breytingum nýlega þegar kælirinn var stækkaður til muna. Nú er því hægt að rúma allan bjór Vínbúðarinnar innan 60 m<sup>2</sup> kælisins og koma þannig til móts við óskir viðskiptavina. Starfsfólk Vínbúðarinnar lét ekki sitt eftir liggja og lögðust allir á eitt svo framkvæmdirnar gengu sem hraðast fyrir sig. Að sögn Regínu Arngrímsdóttur verslunarstjóra sýndu viðskiptavinir mikla þolinmæði meðan á framkvæmdum stóð og hafa margir tjáð ánægju sína með úrbæturnar. Vínbúðin Skeifunni opnaði í maí 2007 og hafa viðtökur viðskiptavina verið ótrúlegar og Vínbúðin nú ein sú vinsælasta á Höfuðborgarsvæðinu.

## Borgartún

Framkvæmdir eru í fullum gangi í nýrri Vínbúð í Borgartúni sem mun opna í apríl. Lagt er upp með að höfða sérstaklega til vínáhugamanna þar sem vöruúrval og framsetning verður með nýjum áherslum. Ráðgjöf verður í hávegum höfð með sér- aðstöðu fyrir vínráðgjafa vínbúðanna. Í Vínbúðinni Borgartúni verður stór kælir þar sem allur bjór Vínbúðarinnar verður kældur.



## Kokteilmælingur

Nýr og spennandi kokteilmælingur er væntanlegur í Vínbúðir í mars. Í bæklingnum hefur þeim kokteilmum sem viðskiptavinir spyrja mest um í Vínbúðunum verið safnað saman í lítið handhægt rit sem auðvelt er að kippa með sér. Einnig eru þar upplýsingar fagmanna um þau tæki og tól sem nauðsynlegt er að hafa við höndina til að kokteilmir heppnist vel. Nálgast má uppskriftir af öllum kokteilmum sem birtir eru í bæklingnum, auk fjölda annara, á [vinbud.is](http://vinbud.is).

## Framkvæmdir í Vínbúðum

Töluverðar framkvæmdir eru á döfinni hjá ÁTVR á næstu misserum. Verið er að vinna að stækkun Vínbúðarinnar í Borgarnesi. Unnið er að stækkun á Höfn og munum við fá húsnæðið afhent til fárra vikna. Óvíst er enn um flutning og stækkun á Akureyri en vonast er eftir að niðurstaða fáiast í það mál fyrir vorið. Fyrirhugaðar framkvæmdir á húsnæði sem hugsað var fyrir vínbúðina hefur tafist mikið.




## Úrvalsvín í Vínbúðum

Vínbúðirnar leggja mikla áherslu á að þjónusta viðskiptavinum vel, en einn af meginþáttum í ánægju viðskiptavina Vínbúða er að vöruúrval sé gott. **Úrvalsvín** eru þau vín sem valin eru inn af vinsérfræðingum til að auka fjölbreytni í vöruúrvali vínbúðanna í samræmi við stefnu fyrirtækisins. Þetta eru vín sem Vínbúðirnar leggja metnað sinn í að bjóða viðskiptavinum en hafa ekki möguleika á að haldast inni í hinu almenna vöruvali. Í flokki Úrvalsvína eru til að mynda vín sem kalla má sigild, þ.e. vín sem hafa í árána rás fest sig í sessi fyrir framúrskarandi gæði, en einnig eru þar vín sem fást í takmörkuðu magni. Markmiðið með því að kynna Úrvalsvín er einmitt að vekja athygli á þessum gæðavinum sem eru sérstaklega valin til að koma til móts við áhugasama og kröfuharðari viðskiptavinum.

Til að auðvelda viðskiptavinum að nálgast þessi vín er þeim raðað saman á afmarkaðan stað í Vínbúðum og þau merkt sérstaklega. Hægt er að fá lista yfir Úrvalsvínin á [vinbud.is](http://vinbud.is), með því að haka við viðeigandi tákn í hjálparleit í vörulista.





## Fiskiveisla

Lagt er upp úr því í stefnu ÁTVR að viðskiptavinum þygi gaman að versla í Vínbúðum. Þemadagar í Vínbúðum hafa skipað stóran sess í þjónustu við viðskiptavini undanfarin ár og mikil ánægja verið með þá, enda hafa þeir verið vettvangur fyrir bæði fræðslu og aukið vöruval. Í apríl verður **Fiskiveisla** í Vínbúðum, þar sem viðskiptavinir fá innsýn í hvaða vín henta með fiskréttum. Hægt verður að nálgast bækling sem inniheldur fróðleik um vín með fiski og einnig munu viðskiptavinir fá uppskriftir að gómsætum fiskréttum.



## Nýtt húsnæði fyrir Vínbúðina í Keflavík

ÁTVR hefur undirritað samning um leigu á húsnæði fyrir Vínbúð við Krossmóa 4 í Reykjanesbæ. Um er að ræða nýtt, tæplega 500 fm húsnæði sem verður sambyggt verslun Samkaupa. Verslunarrýmið, sem er enn í byggingu, verður bjart og skemmtilegt og aðkoma góð. Lengi hefur staðið til að stækka verslunina vegna aukinna umsvifa, en nýja húsnæðið verður töluvert rýmra og aðkoma mun betri fyrir viðskiptavini.



## Vinbud.is slær í gegn

Þann 19. október sl. fékk vinbud.is nýtt og ferskt útlit og í dag er vefurinn mun notendavænni og skemmtilegri en áður.

Áhersla var lögð á að gera vörulistann þægilegri í notkun, en í honum er einfalt að leita að upplýsingum um þau vín sem seld eru í vínbúðum. Einnig er á auðveldan hátt hægt að finna hvaða vín hentar með ákveðnum matartegundum, eða bara finna ákveðna tegund eftir vöruheiti. Að sjálfsgöðu vantar svo ekki fróðleikinn, uppskriftir að kokteilum og margt fleira. Tenging fyrirtækisins við samfélagslega ábyrgð hefur fengið ákveðið vægi á vefnum, enda leggur fyrirtækið mikla áherslu á þann þátt í starfseminni.

Greinilegt er að viðskiptavinir okkar hafa tekið nýjum og endurbættum vef fagnandi því fjöldi innlita hefur aukist gríðarlega. Sem dæmi má nefna að meðalfjöldi heimsóknna frá 1. jan.–18. okt 2007 var u.þ.b. 2.500 heimsóknir en eftir að nýr vefur var tekinn í notkun var meðalfjöldi heimsóknna á mánuði 32.100.

Einnig virðast margir hafa nýtt sér vefinn vel yfir hátíðirnar til að kynna sér afgreiðslutíma og finna rétta vínið með jólasteikinni því heimsóknir í desember 2006 voru 8.684, en í desember 2007 voru heimsóknirnar 44.420, þ.e. rúmlega 400% aukning frá fyrra ári! Það er því ljóst að viðskiptavinir sjá sér hag í að kíkja á nýja vefinn okkar.

Áfram verður unnið að því að auka virkni og notkunarmöguleika vefsins enn frekar þar sem meðal annars verður sett í loftið vefbúð, ítarlegri leit, meiri fróðleikur, frekari umfjöllun vínráðgjafa, ítarefni vegna þemadaga og margt fleira.

SKEIFAN OG  
DALVEGUR

9-20

MÁN - FÖS

A close-up, microscopic view of a leaf, showing the intricate network of veins in shades of green and yellow. Scattered across the leaf are numerous white circles of varying sizes, some with a dark center, resembling pollen grains or spores. The circles are more densely clustered in the lower-left and upper-left areas.

# Vöruskrá

gildir í mars 2008

# RAUÐVÍN

Tegundir sem eru merktar **R** á undan vörunúmeri, eru í reynslusölu og fást aðeins í Vinbúðinni Heiðrúnu og Kringlunni. Vörur sem merktar eru **Ú** á undan vörunúmeri, eru úrvásvín og fást víða í Vinbúðum. Verð eru leiðbeinandi og gilda í mars. Birt með fyrirvara um prentvillur.



## Argentína

Argentína er eitt mesta vínframleiðsluland heims. Útflutningur hefur verið að aukast undanfarin ár og er mestur í vínum gerðum úr rauðu þrúgunum malbec og cabernet sauvignon.

### Cabernet Sauvignon.

Argentínუმენն rækta gríðarlegt magn af þessari þrúgutegund. Gardarnir eru gjarnan í mikilli hæð yfir sjávarmáli sem tryggir ferskara sýrustig vínanna. Þetta eru gjarnan evrópskari vín en mörg önnur vín Nýja-Heimsins.

K	05093	<b>Alamos Cabernet Sauvignon</b>	750 ml	13,5%	1.290 kr.
		2006 Dökkkirsberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Sólber, vanilla, eik og krydd.			
R	12431	<b>Antis Cabernet Sauvignon</b>	750 ml	13,6%	1.470 kr.
		2004 Múrsteinsrautt. Létt meðalfylling, þurrt, ferskt, miðlungs tannín. Þroskuð rauð ber, jörð, lyng, reyktir tónar.			
R	12059	<b>Catena Alta Cabernet Sauvignon</b>	750 ml	14%	3.290 kr.
		2003 Dimmkirsberjarautt. Þétt fylling, þurrt, ferskt, mjúkt tannín. Þroskaður dökkur ávöxtur, kryddaðir sveita og skógartónar.			
R	10631	<b>Cristobal Cabernet Sauvignon 1492</b>	750 ml	13,5%	1.590 kr.
		2004 Rúbínrautt. Mjúk fylling, þurrt og ferskt með lítil þurrkandi tannín, keim af lyngi og rauðum berjum.			
R	12181	<b>Finca el Origen Cabernet Sauvignon</b>	750 ml	14%	1.390 kr.
		2006 Dökk Rúbínrautt. Þétt meðalfylling, þurrt, sýruríkt, mikil tannín. Dökk ber, tóbak, vanilla. Ungt.			
R	12183	<b>Finca el Origen Cabernet Sauvignon Reserva</b>	750 ml	14,5%	1.790 kr.
		2006 Dökkkirsberjarautt. Þétt, þurrt, ferskt, þurrkandi tannín. Sólbakaður berjablámi, jörð, lyng, vanilla, eik.			
K	10726	<b>Funky Llama Cabernet Sauvignon</b>	750 ml	13%	990 kr.
		2005 Kirsberjarautt. Meðalfylling, þurrt og milt. Þroskuð tannín og sætkenndur ávöxtur.			
K	10930	<b>Funky Llama Cabernet Sauvignon</b>	187 ml	13%	340 kr.
		2005 Kirsberjarautt. Létt meðalfylling, þurrt og ferskt með lítil tannín. Lyng, skógarber.			
R	09297	<b>Kaiken Cabernet Sauvignon</b>	750 ml	14,5%	1.190 kr.
		2003 Dökkmúrsteinsrautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt með miðlungs tannín, þéttan berjarauða og kryddkennda jarðartóna.			
K	10277	<b>La Chamiza Cabernet Sauvignon Reserva</b>	750 ml	13,5%	1.190 kr.
		2005 Dökk Rúbínrautt. Þétt fylling, þurrt og ferskt með þroskuð tannín. Dökk ber, krydduð eik.			
R	12278	<b>Las Moras Cabernet Sauvignon</b>	750 ml	13%	1.190 kr.
		2007 Dökk Rúbínrautt. Meðalfylling, höfugt, þurrt, sýrumikið, lítil tannín. Ungt, dökk ber, hýði.			
K	09454	<b>Norton Cabernet Sauvignon</b>	750 ml	13,5%	1.050 kr.
		2005 Kirsberjarautt. Meðalfylling, þurrt og ferskt með lítil tannín berjabláma og hratkennda tóna.			
K	09461	<b>Norton Cabernet Sauvignon Reserva</b>	750 ml	14%	1.390 kr.
		2003 Dökkkirsberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Sætur dökkur ávöxtur, sólber, krydd, lyng, eik.			

K 10731 **Tango Sur Cabernet Sauvignon** 750 ml 13% 1.090 kr.  
 2005 Kirsberjarautt. Meðalfylling, þurrt og ferskt. Þroskuð tannín, súr og rauður berjakeimur.

K 10677 **Trivento Cabernet Sauvignon Reserve** 750 ml 13,5% 1.190 kr.  
 2005 Rúbínrautt. Þétt meðalfylling, þurrt, ferskt með þroskuð tannín. Eik, dökk og rauð ber. Löng ending.

### Malbec

Sérstaða argentínskra vínframleiðenda, í harðri samkeppni á heimsmarkaði, hefur verið fólgin í vínunum úr þessari þrúgutegund. Vínin eru yfirleitt kjarnmikil og góð matarvín.

Ú 10952 **Achaval Ferrer Finca Altamira** 750 ml 13% 6.370 kr.  
 2003 Dimmfjólublátt. Meðalfylling, þurrt og sýruríkt með þroskuð tannín, finlegan og kröftugan ávaxta og eikarkeim. Þarf tíma

K 05095 **Alamos Malbec** 750 ml 13,5% 1.290 kr.  
 2006 Dökk Rúbínrautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Þéttur rauður ávöxtur, lyng.

R 05507 **Alta Vista Grande Reserve Malbec** 750 ml 13,5% 2.190 kr.  
 2005 Dimmrúbínrautt. Þétt fylling, höfugt, þurrt, ferskt, mikil tannín. Ávaxtaríkt, eik. Góð ending, höfugt eftirbragð.

R 05926 **Alta Vista Premium Malbec** 750 ml 14,5% 1.600 kr.  
 2005 Dökk Rúbínrautt. Þétt fylling, höfugt, þurrt og sýruríkt með þroskuð tannín. Dökk ber, létt eik. Höfugt ramm eftirbragð.

R 10897 **Antis Malbec** 750 ml 13,5% 1.470 kr.  
 2004 Kirsberjarautt. Mjúk meðalfylling, þurrt og ferskt með þurrkandi tannín og súran berjarauða.

R 12057 **Argento Malbec Reserva** 750 ml 13,5% 1.390 kr.  
 2006 Dökk Rúbínrautt. Mjúk meðalfylling, þurrt, höfugt, ferskt, þroskað með þéttan berjabláma og keim af heiðarjurtum.

R 12085 **Catena Alta Malbec** 750 ml 14% 3.690 kr.  
 2004 Dimmfjólurautt. Þétt fylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Þéttur ávöxtur, eik, krydd. Ungt, margslungið.

R 05087 **Catena Malbec** 750 ml 13,5% 1.790 kr.  
 2004 Rúbínrautt. Meðalfylling, þurrt og ferskt með þroskuð tannín, þéttan berjabláma, krydd og jarðartóna.

R 10630 **Cristobal Malbec 1492** 750 ml 13,5% 1.590 kr.  
 2005 Fjólurautt. Meðalfylling, þurrt, milt, lítil tannín með hratkenndan bláberja og skógarkeim.

Ú 11005 **Dona Paula Seleccion de Bodega Malbec** 750 ml 14% 3.050 kr.  
 2002 Dökk Rúbínrautt. Mikil fylling, þurrt, sýruríkt, þroskuð tannín. Dökk ber, jörð, olía, vanilla, eik. Langt, höfugt.

R 12182 **Finca el Origen Malbec** 750 ml 14% 1.390 kr.  
 2006 Dökkfjólurautt. Létt meðalfylling, þurrt, ferskt, þurrkandi tannín. Berjaríkt.

R 12184 **Finca el Origen Malbec Reserva** 750 ml 14,5% 1.790 kr.  
 2006 Rúbínrautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Skógarber, krydd, jörð, eik, vanilla.

K 10727 **Funky Llama Malbec** 750 ml 13% 990 kr.  
 2005 Rúbínrautt. Létt meðalfylling, þurrt og milt, þroskuð tannín með hratkenndan rauðan berjaávöxt.

R	12280	<b>Intis Malbec</b>	750 ml	13%	1.090 kr.
<p>2007 Ljósúrúbinrautt. Létt fylling, þurrt, ferskt, lítil tannín. Hyði, rauð ber.</p>					
R	09296	<b>Kaiken Malbec</b>	750 ml	14%	1.190 kr.
<p>2003 Dökkúrúbinrautt. Þétt fylling, þurrt og ferskt með þroskuð tannín, sætsultaðan berjabláma og léttkryddaðan eikartón.</p>					
R	12147	<b>Monte Lindo Malbec</b>	750 ml	13,5%	1.390 kr.
<p>2005 Kirsuberjarautt. Mjúk fylling, þurrt, þroskuð tannín. Dökk ber, eik, tóbak.</p>					
K	09486	<b>Norton Malbec</b>	750 ml	13,5%	1.050 kr.
<p>2005 Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Dökkir skógarberjatónar.</p>					
K	09497	<b>Norton Malbec Reserve</b>	750 ml	14%	1.390 kr.
<p>2003 Dökkúrúbinrautt. Þétt fylling, þurrt og milt þroskuð tannín. Sætkryddaður berjarauði.</p>					
K	10733	<b>Tango Sur Malbec</b>	750 ml	13%	1.090 kr.
<p>2004 Kirsuberjarautt. Létt meðalfylling, þurrt, ferskt, þurrkandi tannín. Dökk ber, lyng og jörð.</p>					
R	10477	<b>Black River Merlot</b>	750 ml	13,5%	1.390 kr.
<p>2005 Rúbinrautt. Létt fylling, þurrt og ferskt með þurrkandi tannín, jarðkennda papriku og berjatóna.</p>					
<p><b>Syrah</b> Hér er á ferðinni þrúgutegund sem upprunalega kemur frá Rónardal í austur hluta Frakklands. Einkenni þessarar þrúgutegundar er oftast góð blanda af sætum ávexti og kryddum eins og t.d. pipar.</p>					
K	10725	<b>Funky Llama Shiraz</b>	750 ml	13%	990 kr.
<p>2005 Rúbinrautt. Meðalfylling, þurrt og ferskt, þroskuð tannín með sætkennandan berjabláma.</p>					
K	10279	<b>La Chamiza Shiraz Reserve</b>	750 ml	13,5%	1.190 kr.
<p>2005 Dökkúrúbinrautt. Þétt meðalfylling, þurrt og ferskt með miðlungstannín. Berjablámi, létt eik, karamella.</p>					
R	12114	<b>Norton Syrah Reserva</b>	750 ml	14%	1.390 kr.
<p>2004 Rúbinrautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Dökkur berjakjarni, kaffi, krydd og eik.</p>					
K	10732	<b>Tango Sur Shiraz</b>	750 ml	13%	1.090 kr.
<p>2005 Kirsuberjarautt. Meðal fylling, þurrt og ferskt. Þroskuð tannín, sælgætiskennndur berjabláma og kryddtónar.</p>					
R	07036	<b>Trivento Syrah</b>	750 ml	14%	990 kr.
<p>2004 Dökkúrúbinrautt. Þétt meðalfylling, þurrt og ferskt með lítil þroskuð tannín, sætan ávaxtaríkan berjabláma og jurtakrydd.</p>					
<p><b>Blöndur</b> Hér er allrar athyggli vert að þrúgunni tempranillo er hér blandað við bæði cabernet sauvignon og malbec.</p>					
K	10777	<b>Amalaya de Colome</b>	750 ml	14,5%	1.290 kr.
<p>2005 Dimmrúbinrautt. Mikil fylling, sætuvottur, ferskt, mikil tannín. Plóma, hindber, jurtakrydd, kröftugt bragð.</p>					
R	10476	<b>Black River Merlot-Pinot Noir</b>	750 ml	13,5%	1.290 kr.
<p>2004 Dökkkirsuberjarautt. Stöm fylling, þurrt og milt með mikil þurrkandi tannín. Þroskaður ávöxtur, laufkennt.</p>					
R	10708	<b>Quimera Achaval Ferrer</b>	750 ml	13,5%	3.370 kr.
<p>2003 Dimmrúbinrautt. Þétt fylling, þurrt, sýruríkt, mikil þroskuð tannín. Rauð ber, plóma, tóbak, jörð, steinefni, járn.</p>					
K	08362	<b>Trivento Cabernet-Merlot</b>	750 ml	13%	990 kr.
<p>2006 Kirsuberjarautt. Létt meðalfylling, þurrt, ferskt, lítil tannín. Léttur ávöxtur, jörð, sveppir.</p>					
K	07033	<b>Trivento Reserve Cabernet Malbec</b>	750 ml	13,5%	1.190 kr.
<p>2005 Dökkúrúbinrautt. Þétt meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Dökk ber, ávaxtasæta.</p>					
R	12237	<b>Trivento Shiraz - Malbec</b>	187 ml	13%	290 kr.
<p>2006 Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt með sætuvotti, milt, lítil tannín. Jarðarber, bláber.</p>					



## Austurríki

K	10242	<b>Kollwenz Blaufrankisch vom Leithagebirge</b>	750 ml	13,5%	2.290 kr.
<p>2003 Dökkkirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Dökk ber, barkarkrydd, létt eik.</p>					
K	10243	<b>Kollwenz Eichkogel</b>	750 ml	13,5%	2.790 kr.
<p>2003 Dökkúrúbinrautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Dökk skógarber, krydd, barr, eik, jörð.</p>					
Ú	10244	<b>Kollwenz Steinzeiler</b>	750 ml	14%	4.890 kr.
<p>2003 Dökkúrúbinrautt. Þétt fylling, þurrt, sýruríkt, þroskuð tanín. Þéttur rauður ávöxtur, hindber, rífsber, eik. Löng ending.</p>					
Ú	12308	<b>Pfaffl Pinot Noir</b>	750 ml	14,5%	3.390 kr.
<p>2004 Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, lítil tannín. Hindber, létt eik, vanilla, ristun. Löng ending.</p>					



## Ástralía

Áströlsk vín eru oft mjúk og ávaxtarík. Helstu þrúgurarnar eru Shiraz og Cabernet Sauvignon. Sökum stærðar landsins eru ræktunarskilyrði mjög mismunandi og borðvín álfunnar því heillandi og fjölbreytileg.

### ☞ Cabernet Sauvignon

Þrúgan er einkennisþrúga öflugra rauðra vína. Cabernet sauvignon gefur af sér vín sem einkennast af kröftugri uppbyggingu, krydd-, jurta-, sólberja- og kúrenutónum. Í Ástralíu má gjarnan finna ilm af eucalyptus í þessum vínunum.

K	09203	<b>Jindalee Cabernet Sauvignon</b>	750 ml	14%	1.190 kr.
<p>2004 Dökkkirsuberjarautt. Meðalfylling, sætuvottur, ferskt, lítil þroskuð tannín. Sælgætiskennndur ávöxtur, minta.</p>					
K	06488	<b>Lindemans Bin 45 Cabernet Sauvignon</b>	750 ml	13,5%	1.340 kr.
<p>2006 Rúbinrautt. Meðalfylling, þurrt, sýruríkt, þroskuð tannín. Ávaxtahlau, vanilla, karamella.</p>					
K	03496	<b>Rosemount Cabernet Sauvignon</b>	750 ml	14%	1.390 kr.
<p>2005 Dökkkirsuberjarautt. Þétt fylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Dökk ber, jörð, lyng.</p>					
R	12002	<b>Wolf Blass Eaglehawk Cabernet Sauvignon</b>	750 ml	13,5%	1.190 kr.
<p>2005 Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín með sætkennandan dökkan berjakeim.</p>					
K	05128	<b>Yellow Tail Cabernet Sauvignon</b>	750 ml	14%	1.340 kr.
<p>2005 Dökkúrúbinrautt. Þétt meðalfylling, þurrt, sætuvottur, þroskuð tannín. Sætkennndur berjablámi, vanilla, ávaxtahlau.</p>					

### ☞ Merlot

Mjúk, ávöxtur og jarðvegstónar eru einkenni merlot þrúgunnar. Í Ástralíu þar sem þrúgan nær yfirleitt miklum þroska, verða þessi vín gjarnan sultukennd og silkimjúk.

K	09202	<b>Jindalee Merlot</b>	750 ml	13%	1.190 kr.
<p>2006 Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, milt, lítil tannín. Ávaxtahlau, dökk ber, minta.</p>					
K	07122	<b>Rosemount Merlot</b>	750 ml	13,5%	1.390 kr.
<p>2005 Dökkúrúbinrautt. Mjúk meðalfylling, sætuvottur, ferskt, lítil tannín. Berjaríkt, plóma, minta, létt eik.</p>					
K	05130	<b>Yellow Tail Merlot</b>	750 ml	14%	1.340 kr.
<p>2006 Rúbinrautt. Mjúk fylling, sætuvottur, milt, höfugt, lítil tannín. Negull, kanill, brómber, minta, eik.</p>					
<p><b>Shiraz</b> Þessa þrúgu fluttu Ástralir með sér frá Rónardalunum í Frakklandi. Einkenni þrúgunnar er sætur ávöxtur í bland við krydd og þá sérstaklega pipar.</p>					
R	10991	<b>Jindalee Shiraz</b>	1500 ml	14%	1.990 kr.
<p>2006 Rúbinrautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, lítil tannín, höfugt. Dökk ber, mentól, lakkrís.</p>					
K	01222	<b>Lindemans Bin 50 Shiraz</b>	750 ml	13,5%	1.390 kr.
<p>2006 Rúbinrautt. Meðalfylling, þurrt, milt, lítil tannín. Kirsuber, lakkrís, minta, vanilla.</p>					
K	05927	<b>McGuigan Black Label Shiraz</b>	750 ml	13,5%	1.280 kr.
<p>2004 Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, lítil tannín. Berjaríkt, lyng, minta, létt eik.</p>					

